



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Köllunarklettsvegur 1 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 17. mars 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. mars 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. mars 2022 á breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr um samráð í þessu máli sem og fjölmörgum öðrum. Við lestur athugasemda virðist sem ekki hafi verið haft samráð við íbúa þarna í nágrenninu. Athugasemdir snúa að því hvernig lóðin verði nýtt til frambúðar og þessi stóri og vel staðsetti reitur ætti að verða hluti af þeirri heildar uppbyggingu svæðisins sem hljóti að verða að veruleika á næstu árum. Stóra matvöruverslun vanti t.a.m. í hverfið og ekki sé umhverfisvænt að þurfa að fara í önnur hverfi eftir vistum. Svæðið ætti að nýta til uppbyggingar á innviðastarfsemi sem styrki hverfið, t.a.m. verslanir, leikskóla og heilsugæslu. Í athugasemdunum eru margar gagnlegar tillögur sem taka ætti mark á en ekki vísa á bug.

Helga Björk Laxdal
e.u.